Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1618
komudagur 4.4.2002

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 560 9010 bréfasími: 552 7340
netfang: postur@dkm.stjr.is
veffang: http://domsmalaraduneyti.is

Félagsmálanefnd Alþingis
Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. febrúar 2002
Tilvísun: DKM01040213/163-1/HZ/--

Efni: Umsögn sifjalaganefndar til félagsmálanefndar Alþingis um frumvarp til barnaverndarlaga, dags. 27. apríl 2001, og athugasemdir Davíðs Þórs Björgvinssonar um umsögn sifjalaganefndar, dags. 24. janúar 2002.

Ráðuneytinu hefur, í tilefni af ummælum sem fram koma í framangreindum athugasemdum Davíðs Þórs Björgvinssonar, borist beiðni sifjalaganefndar um að ráðuneytið veiti félagsmálanefnd Alþingis álit sitt á því hvort vafi leiki á því hvernig beri að túlka forsjárhugtakið í barnarétti og álit sitt á því viðhorfi að allt eins megi nota hugtakið lögráð um forsjá.

Ráðuneytið tekur fram að hugtakið forsjá er skýrt afmarkað í íslenskum barnarétti. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að barnalögum nr. 9/1981 (Alþt. A 1978-1979, bls. 2729-2730) kemur fram að hugtakið forsjá er þar notað í stað hugtakanna foreldravald (sem notað var í lögræðislögum og áður i lögum um afstöðu foreldra til skilgetinna barna) og forræði (sem notað var í lögum um stofnun og slit hjúskapar). Hugtakið forsjá er túlkað i íslenskum rétti með sama hætti og samsvarandi hugtök í norrænum rétti (vårdnad á sænsku, forældremyndighed á dönsku og foreldreansvar á norsku) og hefur hugtakinu verið gerð ítarleg skil í ritum norrænna fræðimanna um barnarétt. Ráðuneytið leyfir sér hér með að taka dæmi úr Barnaréttí Ármanns Snævarr, 2. útg. 1982, bls. 125-126:

> *„Nánari skýrgreining á foreldraskyldum er svo í [...] þar sem segir, að forsjá barns feli í sér rétt og skyldu fyrir forsjáraðilja til að ráða persónuhögum barns og gegna öðrum foreldraskyldum. Þá segir, að þeir, sem hafi á hendi forsjá barns, hafi rétt og skyldu til að vera fjárráðamenn barnsins. [...] Með persónuhögum er átt við ákvörðun á dvalarstað barns, skyldur og réttindi í sambandi við heilsufar barns, hvernig það verji frístundum eftir atvikum, hvort það sé á barnaheimili, ýmsar ákvarðanir um menntun barns o.m.fl. [...]. Þótt hér sé talað um fjárráðafyrirsvar foreldris er allt að einu ljóst, að greina verður milli ákvarðana um persónuhagi barns og fjármál þess, enda er hugsanlegt að svipta foreldri fjárráðum vegna barns, án þess að það haggi við forsjárskyldum þess.“*

Byggt er á þessari túlkun forsjárhugtaksins i barnarétti hér á landi., þ. á m. í gildandi barnalögum. Með vísun til framanritaðs verður að mótmæla þeirri fullyrðingu Davíðs Þórs Björgvinssonar að merking hugtaksins forsjá sé afar óljós.

Ráðuneytið tekur jafnframt fram að það fellst ekki á að hugtökin „lögráð" og „forsjá" megi leggja að jöfnu. Forsjá er þrengra hugtak og rúmast það, ásamt fjárhaldi barns, innan hugtaksins lögráð. Lögráð er þannig samheiti yfir forsjá og fjárhald barns. Bendir ráðuneytið á að það kemur fram í 1. mgr. 51. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 og er ítarlega skýrt í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögræðislögum, að sá hluti lögráða barns sem lýtur að persónulegum högum þess nefnist forsjá og um hana fari samkvæmt barnalögum og lögum um vernd barna og ungmenna. Um hinn hluta lögráða barns, fjárhald þess, er fjallað í 2. - 8. mgr. 51. gr. lögræðislaganna.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson / Hjalti Zóphóníasson

Ljósrit:
Sifjalaganefnd
Páll Hreinsson, formaður
Austurbrún 16
104 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/654
komudagur 29. 1. 2002

Félagsmálanefnd Alþingis
Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður
Austurstræti 8- 10
101 Reykjavík.

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími 560 9100, Bréfsími 552 4804
netfang: postur@fel.stjr.is
Veffang: http://www.stjr.is/fel

Reykjavík, 25. janúar 2002
Tilvísun: 97110001/022-50/ÞB/--

Vegna umsagnar sifjalaganefndar til félagsmálanefndar Alþingis um frumvarp til barnaverndarlaga, dags. 27. apríl 2001, hefur ráðuneytinu borist (gegnum tölvu) umsögn Davíðs Þórs Björgvinssonar formanns nefndarinnar sem samdi frumvarpið.

Umsögn Davíðs Þórs Björgvinssonar, dags. 24. janúar 2002, er hjálögð

F. h. r.

Afrit: Sifjalaganefnd

Athugasemdir í tilefni af umsögn sifjalaganefndar um frumvarp til barnaverndarlaga

Sifjalagnefnd hefur veitt umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga dagsetta 27. apríl 2001. Vegna þessarar umsagnar er eftirfarandi komið á framfæri.

1. Athugasemd við 32. gr. frumvarpsins.

Meginvandinn við þetta ákvæði er að mínu viti hugtakið "forsjá". Um það var nokkuð rætt á fundum nefndarinnar að hugsanlega væri best að vera alveg laus við það hugtak í barnaverndarlögum þar sem merking þess er afar óljós svo ekki sé meira sagt. Fer því fjarri að útskýringar í umsögn sifjalaganefndar leysi úr þeim vandkvæðum. Niðurstaða nefndarinnar sem samdi frumvarp það sem hér er til umræðu varð hins vegar sú að það yrði að nota vegna barnalaga og lögræðislaga, sbr. 1. ml. 1. mgr. 32. gr.

Til að taka af allan vafa var tekið fram í 2. ml. 1. mgr. 32. gr. að "Lögráðin" skyldu falla til barnaverndarnefndar (ekki bara forsjá, sbr. 1. ml.). Hugtakið "lögráð" er skýrara og tæknilegra hugtak en forsjá og skiptist, eins og réttilega er bent á af hálfu sifjalaganefndar, í "fjárræði" og "sjálfræði". Um þetta var nefndinni sem samdi frumvarpið að sjálfsögðu kunnugt. Þar sem "forsjá" felur í sér vissa þætti sem falla utan hinna tveggja hugtakanna þótti rétt að taka fram í 1. ml. 1. mgr. 32. gr. að forsjá félli líka til nefndarinnar. Þar með er búið að dekka allt sviðið og taka af allan vafa.

Sá ruglingur sem sifjalaganefnd telur að felist í frumvarpinu er gamall í íslenskum lögum og má rekja til þess er farið var að nota hugtakið "forsjá" í barnalögum nr. 9/1981, en um það má deila hvort yfirhöfuð sé nokkur þörf fyrir það hugtak. Þar sem það hefur unnið sér fastan sess í barnarétti á Íslandi þótti ekki verða hjá því komist að nota það einnig í barnaverndarlögum, þótt í reynd ætti að nægja að nota lögráð.

Ég er ósammála því að úr lögræðislögum og barnalögum verði skýrlega lesið hvað felst í forsjá og hvernig það hugtak tengist hugtökunum "fjárræði og sjálfræði". Þetta hefur alltaf verið óskýrt og verður enn þótt frumvarpinu yrði breytt í samræmi við athugasemdir sifjalaganefndar.

Hugmyndin með nefndu frumvarpsákvæði i 32. gr. er sú að hvort tveggja, sjálfræði og fjárræði, falli til barnaverndarnefndar (þess vegna er notað orðið lögráð, en ekki sjálfræði) og að barnaverndarnefnd hafi lögráðin nema hún telji annað betur henta.

Þess vegna segir síðan í 3. ml. að nefndin "geti" óskað þess að skipaður verði lögráðamaður til frambúðar (eða sérstakur lögráðamaður til að sinna einstökum erindum ef það þykir betur henta). Þannig endurspeglar orðalagið niðurstöðu nefndarinnar, en felur ekki í sér misskilning eða rugling með hugtök.

Ekki voru allir á því að það væri í fullu samræmi við lögræðislög að segja "getur" í stað "skal", sbr. 5. mgr. 51. gr. lögræðislaga. Það var aftur á móti skilningur þeirra sem sinna barnaverndarstörfum að í reynd væru aðstæður oftast þannig að ekki væri þörf á að hafa ákvæðið svo skýlaust sem í lögræðislögum. Markmiðið með frumvarpsgreininni er einmitt að barnaverndarnefnd fari með lögráðin (fjárræði og sjálfræði) nema hún ákveði annað.

Ef þannig er um hnútana búið sem lagt er til er ekki augljóst að 5. mgr. 51. gr. eigi við þegar barnaverndarnefnd á í hlut vegna þess að barnaverndarnefnd fer með fjárræðið. Oftast skiptir þetta engu máli í reynd vegna þess að það er ekkert fjárhald. Ef um það er að ræða notar barnaverndarnefnd leiðina sem gert er ráð fyrir í 3. ml. 1. mgr.

Þannig er ljóst að í ákvæðinu felst heildarhugsun sem endurspeglar markmið nefndarinnar. Þess vegna er hér ekki um að ræða misskilning eða rugling. Annað mál er svo það hvort menn telja tillögur sifjalaganefndar betri. Munurinn felst í því að barnaverndarnefnd verði alltaf skylt að sjá til þess að skipaður sé fjárhaldsmaður. Aðilar sem vinna við barnavernd töldu ekki þörf á því að gera slíka kröfu þar sem þetta þjónaði engum raunverulegum tilgangi og gerði ekki annað en að auka vinnu barnaverndarnefnda og yfirlögráðandi við að finna lögráðamann (fjárráðamann) þegar engin raunveruleg þörf væri fyrir hann. Þetta viðhorf varð ofan á hjá nefndinni sem samdi frumvarpið.

2. Athugasemd við 82. gr.

Varðandi 4. mgr. 82. gr. er það að segja að vissulega er mikilvægt að reglur Barnaverndarstofu hvíli á nægilegri lagastoð. Hin almennu sjónarmið sem sifjalaganefnd setur fram í umsögn sinni eru þannig að öllu leyti rétt. Þessi sjónarmið voru enda höfð í huga við samningu greinarinnar og búa einmitt að baki 82. gr. Nefndin tali m.ö.o. að i því ákvæði sé að finna nægilega lagastoð fyrir þvingunar- og agaviðurlögum sem telja má þörf fyrir í barnaverndarstarfi (en þau ganga í reynd alltaf skammt). Vekja má athygli á að í gildi hafa verið reglur Barnaverndarstofu sem ekki hvildu á lagastoð. Ákvæði 82. gr. frumvarpsins er ætlað að bæta úr því og tryggja þeim lagastoð. Ég er einfaldlega ósammála sifjalaganefnd um það að lagastoðin í 82. gr. sé ekki nægileg.

3. Athugasemd við b-lið 1. mgr. 68. gr.

Um athugasemd sifjalaganefndar við b-lið 1. mgr. 68. gr. er það sama að segja og um 32. gr. hér að framan. Hugmyndin var sú að nota hugtakið forsjá (vegna þess hversu útbreitt það er) og taka svo fram sérstaklega um lögráðin, vegna þess að það er í reynd meginatriði málsins. Þannig er samræmi milli þessa ákvæðis og 32. gr.

4. Athugasemd við 3. mgr. 89. gr.

Ég vil nota þetta tækifæri til að gera athugsemd við það sem fram kemur um 3. mgr. 89. gr. Með tillögu nefndarinnar er ekki á nokkurn hátt vegið að þeirri grundvallarreglu í íslenskum barnarétti að foreldrar skuli framfæra börn sín. Hér er mælt fyrir um afmarkaða undantekningu frá þeirri grundvallarreglu, sem helgast af sérstökum aðstæðum, þar sem ríkisvaldið hefur í skjóli valdheimilda sinna svipt foreldri rétti til að annast börn sin, en sá réttur foreldra er líka meðal grundvallarreglna í barnarétti. Eftir talsverðar umræður varð það viðhorf ofaná að það væri hreint ekkert óeðlilegt við það að foreldri yrði við þessar sérstöku aðstæður leyst undan framfærsluskyldu. Þetta getur líka þjónað þeim tilgangi að slíta með öllu tengslin við hið óhæfa foreldri, en einmitt það getur verið í þágu hagsmuna barnsins. Hér búa því líka að baki sérstök sjónarmið sem eiga við um barnaverndarlög þótt þau falli ekki endilega vel að meginreglum í barnalögum. Vandamálin sem við er að etja á þessum sviðum geta verið um margt ólík. Tillaga nefndarinnar er vandlega yfirveguð. Um niðurstöðu hennar má vissulega deila eins og svo margt annað sem varðar barnavernd í landinu.

Að lokum.
Þessar athugasemdir við umsögn sifjalaganefndar sýna að það orkar tvimælis að ekki skuli hafa tekist að finna leið til þess að formaður nefndar þeirrar sem samdi barnaverndarfrumvarpið gæti komið fyrir félagsmálanefnd þingsins til þess að svara einstökum athugasemdum sem fram hafa komið. Hvert atriði frumvarpsins var vegið og metið af hálfu nefndarinnar og oft fela ákvæði þess í sér málmiðlun milli ólíkra viðhorfa sem ekki koma alltaf skýrlega fram í greinargerð.

Það er afar mikilvægt að vandað sé til þessarar lagasetningar Þess vegna getur verið varhugavert að gera breytingar á frumvarpinu sem ekki taka nægilegt mið af þeim grunnhugmyndum sem það byggir á. Þá tengjast greinar frumvarpsins innbyrðis með margvíslegum hætti og breyting á einni þeirra getur kallað á breytingar á mörgum öðrum.

Lúxemborg, 24. janúar 2002
Davíð Þór Björgvinsson
D. Þ. B.

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/822
komudagur 20.2.2002

18.2.2002

B.t. Hildar Njarðvík

Frumvarp til barnaverndarlaga, 318. mál, heildarlög
Umsögn send frá Landssamtökum vistforeldra í sveitum (L.V.S.).

Við í stjórn L.V.S. leggjum til að aftan við 65.grein bætist:
„og skal það metið af sérfræðingum og Barnaverndarstofu og laun ákveðin í samræmi við það".

Við leggjum einnig til að í fyrstu málsgrein 66.greinar verði breytt á eftirfarandi hátt:
„ Þeir sem óska eftir að taka börn í fóstur skulu beina umsókn sinni til *Barnaverndarstofu og* barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi sínu".

Við leggjum til að í 76. grein verði breytt síðustu málsgreininni á eftirfarandi hátt:
„Barnaverndarnefnd skal heimsækja fósturheimili eigi sjaldnar en *tvisvar á ári* og oftar ef ástæða þykir til".

Við leggjum til að einn greiðsluaðili sjái um greiðslur til fósturforeldra og samningar varðandi greiðslur gangi eingöngu milli þeirra.
Þá leggjum við til að fósturforeldrar fái greiddann 13. mánuðinn sem sumarleyfismánuð.
Að lokum leggjum við til að skólamál barna verði einfölduð að því leyti til að ekki verði hægt að loka skólum fyrir barni þó það flytji milli skólahverfa. Þessar reglur þurfa að vera greinilegar og öllum aðgengilegar.

F.h. stjórnar L.V.S.
Ásta Ólafsdóttir

Ásta Ólafsdóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/780
komudagur 19. 2. 2002

LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK
Hverfisgötu 115 – Sími 569 9000 – Telefax 569 9099

KH/vós

Reykjavík, 18. febrúar 2002

Með bréfi félagsmálanefndar Alþingis, dagsettu 29. janúar sl., barst þessu embætti til umsagnar frumvarp til barnaverndarlaga, 318. mál, heildarlög.

Embættið telur að í frumvarpið vanti ákvæði um skyldu barnaverndarnefnda til að tilkynna lögreglu um refsiverð brot sem framin hafa verið gegn börnum og skyldu nefndanna til að veita lögreglunni upplýsingar sem að haldi kunna að koma til að upplýsa refsiverð brot sem framin hafa verið gegn börnum. Hafa verður í huga að það er hlutverk lögreglunnar að rannsaka ætlaða refsiverða háttsemi i garð barna og skiptir því miklu máli að barnaverndarnefndir sem fá tilkynningu um slíkt komi þeirri vitneskju til lögreglu. Hægt er að hugsa sér að barnaverndarnefndir hafi nokkurt svigrúm varðandi það hvort þær komi upplýsingum um þessi atriði til lögreglu og við mat á því ráði alvarleiki brotsins og hvað barninu er fyrir bestu.

Um einstakar greinar frumvarpsins:

Um 18. gr. 1. mgr.: Embættið bendir á að í frumvarpið skorti ákvæði um tilkynningaskyldu lögreglu ef grunur leikur á um að barn hafi framið brot. Þarna sé um að ræða mikla breytingu frá 14. gr. núgildandi laga. Eins og kunnugt er verða börn sakhæf 15 ára gömul en lögreglan hefur þó oftlega afskipti af brotum barna undir þeim aldri. Oft á tíðum sæta mál ósakhæfra barna ekki sérstakri lögregluranns6kn en barnaverndarnefnd er tilkynnt um ætluð brot barnanna svo nefndin geti gripið til viðeigandi ráðstafana. Lagt er til að barnaverndarnefndir fái eins og verið hefur tilkynningar frá lögreglu um brot sem framin eru af börnum.

Um 18. gr. 2. mgr.: Embættið telur eðlilegt að um skýrslutökur af börnum sem sakborningum, vitnum og brotaþolum fari eftir lögum um meðferð opinberra mála svo sem gert er ráð fyrir i þessu ákvæði. Í 4. mgr. 69. gr. laganna segir að ef yfirheyra skal sakaðan mann yngri en 16 ára skuli tilkynna það til barnaverndarnefndar sem getur sent fulltrúa sinn til að vera við yfirheyrsluna. Spurning er hvort þetta ákvæði nægir ekki um þetta atriði og hvort sams konar ákvæði í barnaverndarlögum er ekki óþarft. Rétt er að geta þess að búast má við að aldursmarkið verði hækkað í 18 ár með breytingum á lögum um meðferð opinberra mála.

Embættið er sammála því að það sé háð mati barnaverndarnefnda en ekki lögreglu hvenær þörf á að fulltrúar þeirra séu viðstaddir yfirheyrslu yfir barni. Loks vill embættið benda á að óljóst er um hvaða "nánari ákvæði" skuli sett í reglugerð.

Um 19. gr.: Embættið telur að rétt sé að ákvæði um að nafnleynd gildi ekki þegar lögreglan rannsakar refsiverða háttsemi gegn börnum. Tilkynnandi

getur verið mikilvægt vitni sem lögreglu getur verið nauðsynlegt að yfirheyra. Miðað við það sem að framan segir ætti það að vera meginreglan að hér sé einungis um hin alvarlegri brot að ræða þar sem hagsmunir barnanna standi til þess að málin sæti lögregluranns ókn.

Um 20. gr. 3. mgr.: Þetta ákvæði er mjög óljóst og vekur upp spurningar um hvaða aðstoð lögreglan á að veita við úrlausn barnaverndarmála. Í greinargerð með frumvarpinnu segir að samvinna sé nauðsynleg þegar barn hefur fengið skilorðsbundna frestun ákæru. Telja verður að eðlilegra sé hér að tala um samvinnu lögreglu og barnaverndarnefnda fremur en skyldu lögreglu til að aðstoða við úrlausn barnaverndarmála. Reyndar má spyrja hvort þetta ákvæði sé ekki óþarft í ljósi 1. gr. lögreglulaga nr. 90, 1996.

Um 36. gr.: Embættið bendir á að eðilegt hefði verið að ríkissaksóknara yrði gefinn kostur á að gera athugasemdir við þetta ákvæði frumvarpsins. Embættið telur að hér sé gengið nokkuð langt í 3. mgr. Mjög margir aðilar og stofnanir eiga samkvæmt þessu ákvæði rétt á að fá upplýsingar úr sakaskrá og ljóst er að það er mjög matskennt hverjir falla í þennan hóp. Verður þetta ákvæði ekki skilið á annan hátt en að þeir aðilar sem upp eru taldir í greininni eigi beinan aðgang að sakaskrá án þess að afstaða ríkissaksóknara skipti þar máli. Þá er ljóst að aðgangur þessara aðila að sakaskrá er ekki í samræmi við reglugerð um sakaskrá ríkisins nr. 569, 1999. Ekki verður annað séð en að aðrar leiðir séu færar til þess að ná því markmiði sem að er stefnt með þessu ákvæði.

Um 37. gr.: Embættið telur að ákvæði um nálgunarbann i frumvarpinu sé með öllu óþarft, a.m.k. ef tilefni þess er refsiverð háttsemi gegn börnum. Telja verður að nálgunarbanni samkvæmt 110. gr. laga nr. 19, 1991 sé ætlað að vernda börn á sama hátt og fullorðna. Telur embættið að lögreglan sé betur í stakk búin til að setja fram slíka kröfu og fylgja henni eftir bæði fyrir dómi og eftir að nálgunarbann hefur verið sett á. Ef ákvæði þetta yrði sett í lög getur það verið álitaefni hvenær lögreglu sé heimilt eða skylt að gera slíka kröfu og hvenær barnaverndarnefnd. Þá er rétt að benda á að barnaverndarnefndir geta ávallt krafist þess við lögreglu að krafa um nálgunarbann verði sett fram í dómi ef talin er þörf á því.

Um 44. gr.: Embættið bendir á að ákvæði 3. mgr. er mjög opið og matskennt hvaða upplýsingar falla þarna undir. Þá er rétt að benda á að hjá lögreglu eru oftlega upplýsingar um foreldra sem snerta hagsmuni barna ekki. Ekki verður þetta ákvæði frumvarpsins skilið á annan hátt en það sé barnaverndarnefndum nokkuð í sjálfsvald sett hvaða upplýsinga þeir krefjast hjá lögreglu. Undanfarin ár hefur þróunin verið í þá átt að lögreglu er sífellt sniðinn þrengri stakkur til að afhenda eða miðla upplýsingum úr þeim skrám sem hún heldur og má í því sambandi benda á reglugerð nr. 322, 2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu.

Um 50. gr.: Embættið telur það mjög óeðlilegt að lögreglunni sé falið það verkefni að fullnusta ákvarðanir þeirra úrskurðaraðila sem nefndir eru í ákvæði þessu. Telur embættið að það eigi ekki að vera hlutverk lögreglu að túlka eða fullnusta ákvarðanir úrskurðaraðila eða dómstóla. Telur embættið eðlilegt að þetta verkefni sé sett í hendur sýslumanna og má í því sambandi benda á ákvæði 75. gr. barnalaga nr. 20, 1992, sbr. 43. gr. laga nr. 90, 1996. Þó mikið kunni að liggja við að fullnusta framangreindar ákvarðanir sem fyrst verður ekki annað séð

en sýslumenn geti brugðist við slíkum erindum með tilhlýðilegum hraða. Embættið setur sig því á móti því að lögreglunni verði falin slík verkefni. Verði engu að síður farin sú leið að láta lögregluna annast fullnustu greindra ákvarðana vantar nánari útlistun á því hvernig að slíkri fullnustu skuli staðið, t.d. um hvort lögreglumenn eigi að vera borgaralega klæddir eða í einkennisfatnaði.

Um 92. gr.: Forvarnadeild embættisins gerir þá athugasemd við þetta ákvæði að heppilegra sé að lenging útivistartíma á sumrin verði miðuð við 1. júní til 1. september með tilliti til skólagöngu barnanna. Þá telur forvarnadeild að heppilegra sé að aldursmörk í 2. mgr. verði miðuð við 1. júní á fæðingarári þannig að takmarkanir á útivistartíma gildi út skólaárið bæði fyrir nemendur í 7. og 10. bekk.

Um 96. og 97. gr.: Embættið telur að það sé óeðlilegt að hafa ákvæði um alvarleg og refsiverð brot gegn börnum, svo sem líkamsárásir, kynferðisbrot eða hótanir, í barnaverndarlögum. Telja verður eðlilegt að slíkum ákvæðum sé skipað í almenn hegningarlög eingöngu. Ef vilji löggjafans er að herða refsingu fyrir slík brot gegn börnum er rétt að hækka refsiramma í almennum hegningarlögum í stað þess að fara þá leið sem hér er lögð til. Hins vegar telur embættið eðlilegt að þau brot gegn börnum sem mælt eru refsiverð í 2. og 3. mgr. 97. gr. frumvarpsins verði óbreytt.

Að því er varðar framangreindar athugasemdir við 18., 37., 96. og 97. gr. telur embættið að það eigi almennt við að óheppilegt sé að sérlög hafi að geyma ákvæði um atriði sem um er fjallað í heildarlögum svo sem almennum hegningarlögum og lögum um meðferð opinberra mála.

Með vísan til framangreinds getur embættið ekki mælt með því að frumvarpið verði óbreytt að lögum.

saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1093
komudagur 11.3.2002

BSt/jhb
B 270/02

Reykjavík, 8. mars 2002.

Borist hefur til umsagnar frá félagsmálanefnd Alþingis frumvarp til barnaverndarlaga, 318. mál. Sérstaklega er óskað eftir umsögn um 36. gr. frumvarpsins.

Á grundvelli 19.gr. laga nr. 19,1991, um sakaskrá ríkisins, gerð hennar og varðveislu, aðgang að henni og sakavottorð, hafa verið sett ítarleg ákvæði í reglugerð, sbr. nú reglugerð um sakaskrá ríkisins nr. 249, 1992. Í III. kafla þeirrar reglugerðar er að finna ítarleg ákvæði um sakavottorð og upplýsingar úr sakaskrá og er hér í þessu sambandi einkum vísað til 12. og 13. gr. um heimildir fyrir ríkissaksóknara til þess að veita öðrum aðilum en þeim sem tilteknir eru í 11. gr. upplýsingar úr sakaskrá, teljist þeir hafa lögmæta hagsmuni af því að fá upplýsingar um atriði sem þar eru skráð.

Það er álit ríkissaksóknara að óeðlilegt sé að setja í sérlög ákvæði um rétt Barnaverndarstofu og annarra tilgreindra aðila til upplýsinga úr sakaskrá á tilteknu brotasviði með öllu óháð þeim almennu ákvæðum sem um slíkan aðgang gildir. Telja verður að fullnægjandi heimildir i þessu skyni séu í gildi með fyrrgreindum ákvæðum laga og reglugerðar sem rakin hafa verið. Það er sammerkt öllum þremur málsgreinum 36.gr. frv., að innfærsla og skráning dóms í sakaskrá er ætlað að hafa meira vægi en viðkomandi dómi og efni hans.

Það er ekki á færi ríkissaksóknara að láta í té afrit dóma eins og gert er ráð fyrir í 1.mgr. frv. heldur verður að fá slík endurrit hjá viðkomandi héraðsdómstól eða eftir atvikum Hæstarétti. Geta má þess að dómar Hæstaréttar eru nú og hafa um nokkurt skeið verið aðgengilegir á Interneti.

Af þessum ástæðum er það álit ríkissaksóknara að ákvæði 36.gr. frv. séu óeðlileg og óþörf lagasetning.

Bragi Steinarsson

e.u.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10.
Reykjavik.

Póstfang: Hverfisgata 6, 150 Reykjavík
Sími: 530-1600
Bréfsími: 530-1606
Kennitala: 530175-0229

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/629
komudagur 21. 12. 2001

Reykjavík 21. desember 2001.

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Hildar Njarðvík

Umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga nr. 58/1992, sem lagt var fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000-2001.

Undirritaðar vilja biðjast afsökunar á þeim drætti sem orðið hefur á umsögninni, en umsögn þessi er gerð fyrir hönd Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

Undirritaðar vilja lýsa yfir ánægju með frumvarpið í heild sinni og uppsetningu þess. Efnisleg uppbygging er til fyrirmyndar og ljóst að sú nefnd sem vann að frumvarpinu hefur lagt mikla vinnu í verkið og undirbúningsvinna hennar til fyrirmyndar.

Ljóst er að ýmiskonar breytingar hafa verið gerðar á einstökum lagagreinum og aðrar eru nýjar í fyrrgreindu frumvarpi. Að mati undirritaðrar er sumt mjög til bóta í barnaverndarstarfi og eykur að réttaróvissu sem hefur verið ríkjandi í sumum tilfellum.
Umfjöllun undirritaðara um fyrrgreint frumvarp um verða þannig hátta að fyrir verða teknar einstakar greinar frumvarpsins eftir númeraröð.

Fyrsta athugasemdin varðar 7. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að Barnaverndarstofa eigi að hafa með yfirumsjón með rekstri og stofnun heimila og stofnana fyrir börn sem ríki ber að sjá til að séu tiltæk. Ennfremur á Barnaverndarstofa að hafa eftirlit með slíkum úrræðum. Það er mat okkar að Barnaverndarstofa hafa þarna á höndum tvennskonar hlutverk sem geti stangast á og valdið hagsmunaárekstrum. Það er ekki ljóst hvert hægt er senda kærur er ágreiningur kemur upp er varðar starfssemi þessara heimila. Það er að okkar mati ekki eðlilegt að sá aðili sem rekur meðferðarstofnun taki á móti og rannsaki máli varðandi starfsemi þeirra stofana sem hún hefur umsjón með.

Hvað varðar 9. gr. frumvarpsins viljum við lýsa yfir ánægju okkar með þá lagagrein, sem að okkar mati var mjög þörf og gæti gert barnaverndarstarf í landinu skilvirkara, faglegra og árangursríkara.

Í 14. gr. kemur fram að barnaverndarnefndir eigi að ráða sérhæft starfslið eða afla sér aðgang að viðeigandi sérþekkingu með öðrum hætti. Viljum við lýsa yfir stuðning og ánægju með þessa breytingu, sem að okkar mati tryggir aðilum barnaverndarmála

betri og faglegri vinnubrögð við vinnslu mála. Undirritaðar vilja sérstaklega benda á að félagsráðgjafar hafa í námi sínu verið sérstaklega undirbúnir undir það að sinna þessum störfum auk þess sem nú hefur verið sérstakt nám á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands til þess að undirbúa starfsmenn til að sinna barnaverndarmálum.

17. gr. frumv. felur í sér tilkynningarskyldu þeirra er vinna með börnum. Viljum við koma því á framfæri að æskilegt sé að opinberir aðilar tilkynni skriflega til barnaverndaryfirvalda.

Í 21. gr. frumvarpsins er fjallað um málsmeðferð tilkynninga og hvenær hefst barnaverndarmál. Í þessari grein frumvarpsins koma fram ýmiskonar veigamiklar breytingar á málsmeðferð, sem að okkar mati eru mjög til bóta. Ber þar fyrsta að nefna tímafresti, afskipti af ófæddum börnum, svo og hvenær mál er orðið að barnaverndarmáli. Teljum við þessar tillögur í lagagreininni bæta réttarstöðu barna og foreldra til hins betra. En í þessu sambandi má einnig nefna 30. grein frumvarpsins varðandi þungaðar konur og lýsum við yfir ánægju okkar með þá tillögu.

Í lagagreinum er fjallað um að 15. ára barn sé aðili máls. Efasemdir hafa komið upp hjá undirrituðum um það hvort leggja eigi þá ábyrgð á börn að taka afstöðu til máls er það varðar það sjálft, en í sumum tilvikum getur barnið skort þann þroska að það geti tekið ábyrga afstöðu. Einnig geta utanaðkomandi aðstæður gert það að verkum að erfitt er fyrir barnið að taka afstöðu í máli er varðar það sjálft. Einnig veltum við því fyrir okkur hvort þessi staða, þ.e. að barn sé aðili máls geti ekki flækt vinnslu máls og dregið á langinn að barn fái viðeigandi aðstoð.

Það vekur athygli í 24. gr. frumvarpsins að aðeins annað foreldri þar sem barn býr geti samþykkt úrræði í málefnum fjölskyldunnar þar sem um sameiginlega forsjá er að ræða. Sú spurning vaknar hvort þetta ákvæði stangist ekki á við ákvæði barnalaga um að foreldrar með sameiginlega forsjá eigi að taka sameiginlega veigamiklar ákvarðanir er snerta börn þeirra.

Í 27. gr. frumv. kemur fram að barnaverndarnefndir geti ákveðið töku barns af heimili í allt að tvo mánuði. Veltum við því fyrir okkur hvort þetta sé ekki of stuttur tími til meta og sjá einhvern árangur af rannsókn eða vistun barns utan heimilis. Getum við séð fyrir okkur að barnaverndarnefndir geti ákveðið að barn dvelji utan heimilis allt að 6 mánuði, en lengri vistanir leggist fyrir héraðsdóm eins og fram kemur í 28. gr. frumvarpsins.

Hvað varðar 28. gr. frumv. má segja að efni hennar sé að mati okkar mikil réttarbót fyrir málsaðila alla, en hér er um að ræða það íþyngjandi ákvarðanir um líf barna og foreldra þeirra. Við erum sammála þeirri tillögu að forsjársviptingar fari fyrir dómstóla, en sú leið gæti stytt þann tíma sem málin geta verið til meðferðar þar til endanleg niðurstaða kemur í einstöku máli. En í dag geta barnaverndarnefndir, barnaverndarráð og dómstólar fjalla um og verið með til meðferðar einstök mál í mjög langan tíma.

Í 36. gr. kemur fram að Barnaverndarstofa fengið upplýsingar úr sakaskrám og afrit dóma. Geta þessar upplýsingar verið nauðsynlegar við vinnslu máls, en mikilvægt er að fara varlega með allar slíkar upplýsingar en þær eru mjög viðkvæmar.

Í 8. kafla frumvarpsins er fjallað um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefndar. Þær tillögur að lagagreinum og breytingum sem þar koma fram eru að mati undirritaðra til fyrirmyndar og ekki ástæða til frekari umfjöllunar, en að málshraði hefur aukist og er það til bóta.

Undirritaðaðar telja þetta vera megin atriðin sem leggja beri áherslu á í umræðu um frumvarpið og hugsanlegar breytingar á gildandi barnaverndarlögum.

Virðingarfyllst.
f.h. Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

Dóra Júlíusen,
félagsráðgjafi.

Guðrún Hrefna Sverrisdóttir
félagsráðgjafi.